Reykjanesbæ 10. desember 2019

# Fundargerð

136. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að

Tjarnargötu 12 10.desember 2019, kl. 15:00

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir, formaður, Jóhann Birnir Guðmundsson, Jón Haukur Hafsteinsson, Alexander Ragnarsson, Birgir Már Bragason, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB, Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðslusviðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jón Haukur Hafsteinsson vék af fundi undir máli númer sex.

## DAGSKRÁ

**1. Vinnureglur íþrótta- og afrekssjóðs Reykjanesbæjar (2019120004)**

Vinnureglur fyrir íþrótta- og afrekssjóð Reykjanesbæjar yfirfarnar og samþykktar. Helstu breytingar eru þær að upphæð fyrir hverja ferð sem farin er til útlanda á vegum landsliðs hækkar úr 20.000 kr. í 40.000 kr.

**2. Samstarfssamningur við Keflavík, íþrótta og ungmennafélag (2019110206)**

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

**3. Samstarfssamningur við UMFN (2019110207)**

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

**4. Vertu memm (2019050296)**

Íþrótta- og tómstundafulltrúi sagði frá verkefninu Vertu Memm sem hefur staðið yfir undanfarið ár sem miðar að því að fjölga erlendum börnum í íþrótta- og tómstundastarfi. Verkefnið er farið að skila árangri m.a. í aukinni nýtingu erlendra íbúa á hvatagreiðslum.

JBG BMB E.S. JHH

Í janúar munu grunnskólar verða heimsóttir en þá munu íþróttir og tómstundir verða kynntar og Maciek Baginski og Filoretta Osmani munu segja frá hvað íþróttir hafi gert fyrir þau. Keflavík, íþrótta- og ungmennafélag og UMFN munu verða með frítt í íþróttir fyrir krakka til að prufa í einn mánuð.

**5. Hvatagreiðslur 2019 (2019050290)**

Íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir nýtingu á hvatagreiðslum í Reykjanesbæ. Alls hafa 1.616 börn nýtt sér þær. Heldur fleiri stúlkur eða 53 % á móti 47 % drengja. Töluverð aukning hefur orðið á nýtingu erlendra barna á hvatagreiðslunum en 9, 79 % nýttu sér þær árið 2017 samanborið við 22 % árið 2019. Hvatagreiðslur munu hækka úr 28.000 í 35. 000 kr. í janúar 2020.

**6. Umsókn í forvarnarsjóð Reykjanesbæjar (2019050291)**

Umsókn Háaleitisskóla í forvarnarsjóð Reykjanesbæjar fyrir fyrirlestur um sjálfsmynd, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í skólans.

Samþykkt 75.000 kr.

Önnur mál:

Íþrótta- og tómstundaráð sendir hugheilar jólakveðjur með kærum þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og hlakkar til komandi árs. Minnum á val á íþróttakonu og íþróttakarli Reykjanesbæjar kl.13:00 í íþróttahúsinu í Njarðvík á gamlársdag. Á sama tíma verða iðkendur sem urðu Íslandsmeistarar á árinu heiðraðir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.